

Námsmat í Grunnskólanum á Ísafirði

Grunnurinn að breytingum á námsmati við lok grunnskóla var lagður árið 2011 þegar ný aðalnámskrá grunnskóla var gefin út. Þá hófst kynning fyrir kennara, samtök foreldra og fleiri sem málið varðar. Greinasvið aðalnámskrár grunnskóla voru síðan gefin út í mars 2013. Þar er birtur einkunnakvarði og matsviðmið. Breytingin á námsmatinu er sú að einkunnir eru nú gefnar í bókstöfum (A, B+, B,C, C+ og D) og á bak við hvern bókstaf er lýsing á hæfni nemenda á hverju greinasviði, í stað þess að tölulegar einkunnir gátu áður vísað í mismunandi námsefni milli skóla. Markmiðið er þannig að samræma betur einkunnagjöf milli skóla og bæta upplýsingagildi einkunna hvað varðar hæfni nemenda.

Í Grunnskólanum á Ísafirði er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og vel skilgreint námsmat. Hæfniviðmið Aðalnámskrár í hverri grein fyrir sig er sá grundvöllur sem nám, kennsluhættir og námsmat eiga að byggja á. Í [skólanámskrá](#) kemur fram hvaða hæfniviðmið og matsviðmið liggja til grundvallar í hverri námsgrein enda eiga nám, kennsla og námsmat að haldast í hendur.

Frá og með haustinu 2016 skilgreinir skólinn hæfniviðmið í öllum námsgreinum í [Mentor](#) kerfinu og þar eru settar inn lotur og verkefni jafnt og þétt yfir skólaárið. Leitast er við að byggja námsmatið sem mest á leiðsagnarmati, sem metur fjölbreytta hæfni nemenda á lengri tíma. Með þessum hætti er lögð áhersla á að bæði nemendur og foreldrar geti fylgst með jafnóðum og fái tilfinningu fyrir því sem hefur áunnist og hvert viðkomandi nemandi stefnir. Með þeim verkefnum og prófum sem lögð eru fyrir nemendur er ljóst hvaða hæfniviðmið verið er að meta hverju sinni og við hvaða matskvarða hæfniviðmiðin tengjast. Niðurstöður einstakra verkefna og prófa eru síðan birtar inni á Mentor þar sem sjá má þau hæfniviðmið sem unnið er með hverju sinni.

Þetta námsmat á við í öllum greinum nema hræringi á miðstigi.

Hér að neðan má sjá þá námsmatskvarða sem notaðir eru til einkunnagjafar jafnt og þétt yfir skólaárið.

Meta	
A A	
B+ B+	
B B	
C+ C+	
C C	
D D	

Meta	
★ Framúrskarandi	
✓ Hæfni náð	
○ Á góðri leið	
✗ Hæfni ekki náð	

Að vori er lokamat gefið í bókstöfum í öllum árgöngum.

A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
B+	Hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
C+	Hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
*	Stjörnumerktar einkunnir fá þeir nemendur sem stundað hafa nám sitt að fullu eða að hluta eftir aðlagðri námskrá og viðmiðum í samræmi við metnar sérþarfir, en ekki samkvæmt hæfni og matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla.